



Minnisblað vegna aukins kostnaðar sem til kemur vegna símafrís í grunnskólum Akureyrarbæjar frá og með ágúst 2024

Skipaður var starfshópur til að skoða kosti þess að takmarka símanotkun nemenda í grunnskólum Akureyrarbæjar. Starfshópurinn var starfandi frá því í janúar til apríl og var skipaður kjörnum fulltrúum, fulltrúa foreldra, kennara, ungmenna og starfsfólki skóla og fræðslu- og lýðheilsusviðs.

Mikið samráð var haft við starfsfólk skóla, nemendur og foreldra með könnunum og rýnihópasamtölum. Niðurstöður starfshópsins eftir þetta mikla samráð voru að skólar Akureyrarbæjar verði símalausir frá og með ágúst 2024, með þeirri undantekningu að þeir verði leyfðir í frímínútum á föstudögum, á skilgreindum svæðum innan skólanna.

Starfshópurinn lagi í niðurstöðum sínum áherslu á að skólar séu ekki með svokölluð símahótel eða körfur undir símana, vegna hættu á að símar verði teknir eða skemmist og þar með gerist geti skólinn mögulega gerst ábyrgur fyrir þeim. Því lagði hópurinn til að símar verði geymdir í læstum skápum og því þarf að ráðstafa fjármagni til kaupa á skápum í flesta skóla til að allir nemendur í 8. – 10. bekk hafi aðgang að læstum skáp. Sumir skólar eru vel búnir og tilbúnir í verkefnið, en aðrir þurfa að fjölga skápum til að allir nemendur geti haft læstan skáp. Fjármagnið sem óskað er eftir dugir fyrir [hagkvæmri skápalausn](#) frá AJ vörulista, sem er hugsað sem geymsluskápur fyrir snjallsíma með númerið hóf með gagnsæja framhlið og sérstakri lúgu fyrir hvern og einn. Hægt er að setja síma inn án þess að opna, en kennari / starfsmaður þyrfti að opna skápinn og þá opnast öll hólfin í einu. Fjármagnið dugar mögulega ekki skólum til að kaupa þá skápa sem þeir óska helst, en þá þarf að horfa til þess að nemendur samnýti skápa, að skóli nýti fjármagn af eigin búnaðarúthlutun eða sæki um styrki. **Heildarbeiðni um viðauka vegna skápalausna er 1.800.000 kr. og skiptist með eftirfarandi hætti:**

Skóli	Fjöldi skápa í skólum	Vöntun á skápum fyrir unglíngastig Skólaárið 2024 - 2025	Fjármagn sem óskað er eftir
Oddeyrarskóli	45	7	0
Brekkuskóli	90	51	400.000
Lundarskóli	129	3	0
Naustaskóli	30	92	600.000
Giljaskóli	120	16	200.000
Glerárskóli	70	25	200.000
Síðuskóli	80	45	400.000
Hlíðarskóli	0		0
Hríseyjarskóli	0		0
Samtals			1.800.000

Einnig var það tillaga starfshópsins að ráðstafa fjármunum til að auka afþreyingarmöguleika nemenda, meðal annars með kaupum á spilum og/eða leiktækjum og gefa nemendum kost á að hafa um það að segja hvað skólinn kaupir í því skyni. Auk þess fjármagns sem hér er tilgreint eru skólar hvattir til að kanna hvort foreldrafélög skólanna séu tilbúin til að taka þátt í slíkum kaupum. **Heildarbeiðni um viðauka vegna afþreyingar fyrir nemendur er 2.200.000 kr. og skiptist með eftirfarandi hætti:**

Skóli	Fjöldi nemenda á unglिंगastigi skólaárið 2024 - 2025	Fjármagn sem óskað er eftir (lágmark 100.000 á skóla)
Oddeyrarskóli	52	190.000 kr.
Brekkuskóli	141	330.000 kr.
Lundarskóli	132	310.000 kr.
Naustaskóli	122	300.000 kr.
Giljaskóli	136	320.000 kr.
Glerárskóli	95	250.000 kr.
Síðuskóli	125	300.000 kr.
Hlíðarskóli		100.000 kr.
Hríseyjarskóli		100.000 kr.
Samtals		= 2.200.000 kr.

Heildarfjármagn sem óskað er eftir vegna þessa verkefnis er því 4 milljónir króna.

Minnisblað unnið 23. maí 2024
Kristín Jóhannesdóttir, sviðsstjóri fræðslu- og lýðheilsusviðs